

SAMÞYKKT

um afgreiðslur umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar.

1. gr.

Á grundvelli heimildar í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki hefur sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar ákveðið að í sveitarfélaginu starfi byggingarnefnd. Umhverfisráð Dalvíkurbyggðar fer með verkefni byggingarnefndar í samræmi við ákvæði samþykktar nr. 206/2013 um stjórn Dalvíkurbyggðar.

2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa samkvæmt III. kafla laga um mannvirki er að umhverfisráð hafi fjallað um og samþykkt byggingarleyfisumsóknina.

3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við umhverfisráð um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið ráðsins.

4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga nr. 123/2010, samþykktir um stjórn og fundarsköp Dalvíkurbyggðar og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, eftir því sem við á.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. febrúar 2015.

F. h. r.

Vigdís Sigurðardóttir.

Hafsteinn Pálsson.